

## 2008 nr. 72 11. júní

### Lög um Fiskræktarsjóð

Tóku gildi 1. janúar 2009. Breytt með: L. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011). L. 47/2018 (tóku gildi 26. maí 2018). L. 62/2018 (tóku gildi 23. júní 2018; um lagaskil sjá brbákv.). L. 88/2020 (tóku gildi 22. júlí 2020 nema 14. gr. sem tók gildi 1. jan. 2021).

Ef í lögum pessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málfrasvið sé tilgreint sérstaklega eða til þess visað, er átt við matvælaráðherra eða matvæla-ráðuneyti sem fer með lög þessi.

#### ■ 1. gr. Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði [ráðherra]<sup>1)</sup> sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fisk-rækt, bæta veiðiðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 484. gr.

#### ■ 2. gr. Stjórn Fiskræktarsjóðs.

Fiskræktarsjóður lýtur [fjögurra]<sup>1)</sup> manna stjórn sem [ráðherra]<sup>2)</sup> skipar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndar-manna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga [og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga].<sup>1)</sup> Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef at-kvæði falla jöfn. Nú tilnefnið einn framangreindra aðila eigi mann í stjórn sjóðsins og skipar þá ráðherra í nefndina án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 1. gr. <sup>2)</sup> L. 126/2011, 484. gr.

#### ■ 3. gr. Verkefni stjórnar.

Stjórn Fiskræktarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð. Verkefni stjórnar eru m.a. að:

- a. skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra,
- b. taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár,
- c. taka ákvarðanir um úthlutanir og útgjöld.

#### ■ 4. gr. Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs.

Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs er:
 

- a. [fjárlöging á grundvelli fjárhheimildar í fjárlögum],<sup>1)</sup>
- b. arður af eigin fé,
- c. ...<sup>1)</sup>
- d. annað.

<sup>1)</sup> L. 47/2018, 2. gr.

#### ■ 5. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 2. gr.

#### ■ 6. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 3. gr.

#### ■ 7. gr. Eigið fé Fiskræktarsjóðs.

...<sup>1)</sup>

Eigið fé, sem ekki hefur verið ráðstafað með heimild í 8. gr., skal ávaxtað samkvæmt samningi við aðila sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár.

...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 4. gr.

#### ■ 8. gr. Úthlutanir ír Fiskræktarsjóði.

Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlutanarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksári. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í sam-ræmi við gildandi lána- og úthlutanarreglur.

Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fisk-rækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að út-hlutanarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

#### ■ 9. gr. Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.

Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þ.m.t. um málsmeðferð og ráð-stöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

Allur kostnaður af starfsemi Fiskræktarsjóðs greiðist af honum.

#### ■ 10. gr. ...<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 62/2018, 5. gr.

#### ■ 11. gr. Gildistaka.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. ....

#### ■ Ákvæði til bráðabirgða. ....<sup>1)</sup>

<sup>1)</sup> L. 88/2020, 16. gr.